

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar
Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, bæjarstjóri.
Standgötu 6
220 Hafnarfjörður

02.10 GHE 30. nóvember 2012

Á fundi heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis þann 26. nóvember s.l. var rætt um mengunarhættu vegna óhappa á akvegum til Bláfjalla. Bláfjöll eru á aðal ákomusvæði þess neysluvatn sem unnið er í Vatnsendakrikum og Kaldárbotnum. Ófullnægjandi vegir og lélegt umferðaröryggi þeirra er mjög mikil ógn við þá hagsmuni sem sveitarfélögin hafa með vatnstökunni.


Heilbrigðisnefnd beinir þeim tilmælum til sveitarstjórna að samhliða þeirri vinnu sem er í gangi vegna endurskoðunar vatnsverndar verði mótuð samgöngustefna fyrir Bláfjallasvæðið. Í slíkri stefnu þarf að gæta sérstaklega að vatnsverndarhagsmunum og tryggja að farið verði í nauðsynlegar úrbætur á vegakerfi áður en nokkrar framkvæmdir verði heimilaðar í Bláfjöllum þ.m.t. á skíðasvæðunum.

Í umhverfismatsferli fyrir ferðaþjónustu sem verið er að vinna að við Þríhnúkagíg, var unnin öryggisúttekt á vegum (VSÓ- Ráðgjöf 2012). Í ljós kom að vegakerfið og helgunarsvæði er fjarri því að uppfylla umferðaröryggiskröfur. Slíkt ástand vega á skilgreindu söfnunarsvæði og grannsvæði vatnsbóla kallar á úrbætur.

Meðfylgjandi er minnisblað VSÓ-Ráðgjafar dags. 27. maí 2012 „Umhverfisúttekt aðkomuvega“ í tilefni að mati á umhverfisáhrifum vegna aðgengis að Þríhnúkagíg. Fram kemur í minniblaðinu hvað brýnt er að bæta ástand bæði Bláfjallaleiðar og Bláfjallavegar. Meðfylgjandi er einnig skýrsla ISOR – 2012/029 (Íslenskra orkurannsókna), „Mengunarhætta vegna óhappa á akvegum til Bláfjalla“ unnin fyrir Þríhnúka ehf.

Umhverfisúttekt á Bláfjallavegi, sem er um 8,4 km langur og Bláfjallaleið, sem er um 4,3 km leiddi í ljós að á stórum hluta uppfyllir öryggissvæði ekki veghönnunarreglur. Innan þess eru ýmist grjót, klöpp eða hraun. Vegafláar eru of brattir og þverhnipt fram af á nokkrum stöðum. Leggja verður áherslu á að innan öryggissvæðis verði land mótað með þeim hætti að ökutæki sem hafnar utan vegar komist hjá veltu og geti staðnæmst smá saman náist stjórn á því.

Virðingarfyllst,
f. h. heilbrigðisnefndar.


Guðmundur H. Einarsson,
framkvæmdastjóri.

